

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háafell ehf Ísafjarðardjúpi



| | | | |
|---------------------|--------------------------------|-------------------------|----------------|
| Dags eftirlits | 12.6.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Freyr Ævarsson |
| Fyrirtæki | Háafell ehf | Eftirlitsmaður | Freyr Ævarsson |
| Heimili | Hafnarstræti 9-13 - þriðja hæð | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5201993149 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gauti Geirsson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Óli Rafn Kristinsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. 2) Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað innan tilskilins frests. 3) Grænu bókhaldi vegna ársins 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. 4) Skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2023 teljast ekki fullnægjandi. 5) Útstremisbókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma. 6) Útstremisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Myndir skal senda til Umhverfisstofnunar af frágangi eftir lagningu sæstrengs í Skötufirði. 2) Samræmi þarf að vera í þeim upplýsingum sem rekstraraðili sendir frá sér, s.s. um framleiðslumagn og fosfórlosun. 2) Upplýsingar í ársyfirliti skulu allar eiga við um það ár sem ársyfirlitið tekur til. Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi.

Starfsleyfi Háafells ehf. Ísafjarðardjúpi tekur til eldis á laxfiskum. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 6.800 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Í síðasta eftirliti Umhverfisstofnunar í maí árið 2022 komu engin frávík fram en ein ábending, varðandi undirskrift stjórnar á grænt bókhald, var gerð.

Rekstraraðili hefur óskað eftir að auka leyfilegan hámarkslífmassa um 4.500 tonn. Unnið er að umhverfismatsskýrslu, en engin áform eru upp um að nýta mögulega stækkun á næstu árum.

Rekstraraðili óskaði eftir, og fékk, tímabundna undanþágu til að ala mismunandi árganga í Seyðisfirði og Ytra-Kofradýpi. Undanþágan gildir einungis fyrir þá árganga sem nú eru aldir á svæðunum.

Rekstraraðili óskaði eftir heimild til að leggja sæstreng að fóðurpramma í Skötufirði. Umhverfisstofnun samþykkti framkvæmdina fyrir sitt leyti þann 21. október 2022 og var strengurinn lagður í kjölfarið. Eins og kemur fram í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 21. október 2022, var eitt af skilyrðum stofnunarinnar fyrir heimildinni sú að framkvæmdaraðili skyldi skila Umhverfisstofnun myndum af frágangi á fjörusvæðinu við lok framkvæmdar. Umhverfisstofnun hefur ekki borist myndir og fer því fram á að fá sendar myndir af framkvæmdasvæðinu.

Þegar síðasta eftirlit fór fram voru svæðin Bæjahlið og Skötufjörður í notkun. Fiski sem alinn var í Bæjahlið var slátrað í árslok 2022 og hefur svæðið verið hvílt síðan þá. Slátrun úr kvíum í Skötufirði hófst haustið 2023 og klárast á næstu mánuðum. Fiskur var settur út í kvíar á Ytra-Kofradýpi sumarið 2023 og í Seyðisfirði í júní 2024.

Hámarks lífmassi á svæðum rekstraraðila síðan síðasta eftirlit fór fram var tæplega 6.200 tonn sem er innan þeirra marka sem starfsleyfið heimilar.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað þann 4. maí 2023.

Rekstraraðila er bent á að tryggja að réttar upplýsingar s.s. um framleiðslumagn og fosfórlosun, komi fram í ársyfirliti. Ekkert bendir til annars en að bæði framleiðslumagn og fosfórlosun hafi árið 2022 verið í samræmi við kröfur í starfsleyfi og því er einungis um ábendingu að ræða.

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 6. maí 2024.

Við útreikninga á fosfór- og niturlosun í ársyfirliti fyrir árið 2023, voru notaðar niðurstöður mælinga sem voru gerðar í febrúar 2024. Rekstraraðila er bent á að allar upplýsingar í ársyfirliti skulu eiga við um tiltekið ár. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru árið 2023 sýna að fosfórlosun var í samræmi við kröfur í starfsleyfi og því er einungis um ábendingu að ræða.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 4. maí 2023.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024 en undirskriftir vantar á bókhaldið og teljast skilin því ekki fullnægjandi.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 4. maí 2023.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert og eru því skráð frávik vegna skilanna.

Skýrslur vegna sýnatöku á eldissvæðum rekstraraðila hafa borist eins og til er ætlast og eru engar athugasemdir gerðar við þær.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumatið og það uppfært. Nokkrar breytingar urðu á áhættumatinu.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Þær áætlanir sem skulu vera til staðar voru aðgengilegar og nýlega uppfærðar. Talsverðar breytingar hafa orðið á sumum áætlunum rekstraraðila síðan nýtt starfsleyfi var gefið út árið 2019 og fer Umhverfisstofnun því fram á að fá til sín uppfærðar áætlanir.

Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar var ekki til staðar í eftirlitinu en var sent til eftirlitsaðila að því loknu.

Farið var yfir þau skjöl sem fylgdu fundarboði, þ.e. kynningu á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, kynningu á gagnagrunni um mengaðan jarðveg og kynningu á innheimtu eftirlitsgjalda.

5. Önnur mál

Rætt var um geymslu kvía sem ekki eru í notkun. Rekstraraðili geymir tvær kvíar á svæði sem í starfsleyfi nefnist Álftafjörður.

6. Skoðunarferð

Sígl var að kvíum í Skötufirði, Seyðisfirði og á Ytra-Kofradýpi. Stjórnandi bátsins var Michal Krzaczek og auk hans var Óli Rafn Kristinsson með í ferðinni. Í Skötufirði var, þegar eftirlitið fór fram, slátrun lokið úr fimm af þeim tíu kvíum sem fiskur var í. Á Ytra-Kofradýpi var fiskur í níu kvíum. Í Seyðisfirði stóð útsetning yfir og var kominn fiskur í tvær kvíar en reiknað með að fimm kvíar verði í Seyðisfirði þegar útsetningu lýkur í haust. Engin efni eru geymd í þeim prömmum sem eru í Skötufirði og á Ytra-Kofradýpi. Enginn prammi er í Seyðisfirði. Engar athugasemdir eru gerðar við kvíasvæðin.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests.

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað innan tilskilins frests.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frest.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2023 teljast ekki fullnægjandi.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.


ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Engar myndir hafa verið sendar Umhverfisstofnun af frágangi eftir lagningu sæstrengs í Skötufirði. 2) Samræmi þarf að vera í þeim upplýsingum sem rekstraraðili sendir frá sér s.s. ársyfirliti og grænu bókhaldi. 3) Upplýsingar í ársyfirliti skulu allar eiga við um það ár sem ársyfirlitið tekur til. Í ársyfirliti 2023 voru notaðar niðurstöður mælinga sem voru gerðar í febrúar 2024.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.08.2024



Freyr Evarsson

